

Áttundi fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga b.s.

Haldinn 8. október 2013 kl. 8:30 á bæjarskrifstofu
Hveragerðisbæjar.

Mætt: Ari B. Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson Drífa Kristjánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður Héraðsnefndar Árnesinga bs. Drífa ritaði fundargerðina.

- Héraðsnefndin.** Ingibjörg telur að sjórnunarkostnaður í fjárhagsáætlunin fyrir Héraðsnefndina þurfi að vera kr. 3.5 milljónir. Samþykkt.
- Almannavarnir.** Hækkunin er kr. 1 milljón vegna kostnaðar við kaup á búnaði í stjórnstöð. Samþykkt.
- Byggðasafn Árnesinga.** Umræða varð um fjárhagsáætlun Byggðasafnsins sem lögð var fram á síðasta fundir framkvæmdastjórnar. Formaður fagraðs Byggðasafnsins mun ræða við forstöðumanninn um athugasemdir sem framkvæmdastjórnin gerði við fjárhagsáætlunina.
- Listasafn Árnesinga.** Framkomin fjárhagsáætlun er samþykkt af hálfu framkvæmdastjórnarinnar.
- Brunavarnir Árnessýslu.**
 - Kristján slökkvistjóri og Pétur varaslökkvistjóri komu á fundinn og kynntu fjárhagsáætlun sína fyrir næsta ár. Fram kom að húsnæðiskostnaður hefur aukist mjög vegna kaupa á húsnæðinu á Selfossi. Fyrir liggur fjárhagstillaga sem hljóðar uppá 15 prósent hækkun vegna húsnæðiskostnaðar. Niðurstaðan er að það er miklu dýrara að eiga húsnæðið en að leigja það.
 - Tvo ný reykköfunartæki hafa verið keypt á árinu í Hveragerði eins eru ný tæki á Laugarvatni, í Reykholti og á Flúðum. Kristján fór yfir ýmis mál varðandi kröfur sem B.Á. þarf að uppfylla svo sem fjarskiptabúnað, þrek og læknisskoðanir. Í greinagerðinni er iðulega vísað til krafna frá þriðja aðila, Mannvirkjastofnun, sem fylgist grannt með rekstri B.Á.
- Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga.** Þorsteinn mætti á fundinn kl. 9:45. Hann fór yfir fjárhagsáætlunina fyrir 2014. Á næsta ári er mikið af stórum afhendingum frá sveitarfélögunum til Héraðsskjalasafnsins og einnig er gert ráð fyrir auknum tekjur af sölu á ljósmyndum á vefnum. Lögbundið framlag ríkisins er mjög lágt eða kr. 700.000,-.

Drífa yfirgaf fundinn kl. 10:00 Ingibjörg tók við ritun fundarins.

- Gert er ráð fyrir 5,9% hækkun á launakostnaði sem rekja má til :
 - 2% hækkun vegna 2ja starfsmanna í ljósmyndaverkefni vegna aukinnar starfsreynslu.
 - Hækkun á launum skjalavarðar vegna viðbótarmenntunar, starfsmaður fer úr starfsheitinu verkefnastjóri með sértæka ábyrgð í verkefnastjóri III.
- Ekki er gert ráð fyrir launahækkunum vegna fyrirhugaðra kjarasamninga
- Ráðningasamningur Þorsteins rennur út í ágúst 2014, engar breytingar vegna þessa inni í áætlun.

7. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga

Safnið er í 200 ferm. húsnæði í dag. Þorsteinn telur safnið þurfa 500 ferm. sé horft 20 ár fram í tímann. (30% skrifstofur og 70% geymslur).

Eign vegna arfs Helga Ívarssonar sem tilheyrir safninu er um ca. 27 millj.kr. í dag en það eru bæði peningar í banka og eignarhlutur í Austurmýri 21, Selfossi.

Ákveðið að ræða þessi mál á haustfundi Héraðsnefndar.

8. Heimasíða Héraðsnefndar Árnesinga b.s

Þorsteinn sýndi tillögu að heimasíðu nefndarinnar. Hægt er að hafa lokaðan aðgang (lokað skjalasvæði) fyrir nefndarmenn. Ákveðið var að fundargögnin vegna haustfundarins verði sett inn í gáttina.

9. Önnur mál

Rætt var um mikilvægi þess að samræmi sé í fjárhagsáætlanagerð safnanna. Ákveðið var að öll söfnin geri ráð fyrir 3,5% launahækkun vegna fyrirhugaðra kjarasamninga. Lagfæra þarf áætlun Héraðsskjalasafnsin þar sem hin söfnin gera ráð fyrir 3,5% hækkun vegna þessa. Stefnt skal að því, fyrir næstu fjárhagsáætlunargerð, að framkvæmdastjórn samþykki forsendur fyrir fjárhagsáætlun sem forstöðumenn stofnanna vinni sínar fjárhagsáætlanir eftir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00

Ari B. Thorarensen

Aldís Hafsteinsdóttir

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sveinn Steinarsson

Drífa Kristjánsdóttir